

Borgarráð

***Urban Summit Barcelona - samráðs- og vinnufundur ferðamannaborga***

Fyrirhuguð er ferð borgarstjóra til Barcelona dagana 2.-4. nóvember n.k. á fund borga sem eiga það sameiginlegt að vera hraðvaxtarborgir í ferðaþjónnustu. Boðað er til fundarins að frumkvæði Barcelona-borgar en markmiðið er meðal annars að bera saman bækur varðandi regluverk og lagaumgjörð sem gildir um hótél, Airbnb og skylda starfsemi, auk innheimtu gistináttargjalds sem margar borgir beita. Borgarstjóri verður með innlegg og mun taka þátt í umræðum.

Með borgarstjóra í för verða Helga Björk Laxdal skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar, Svanhildur Konráðsdóttir sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs og Pétur K. Ólafsson aðstoðarmaður borgarstjóra.

Dagur B. Eggertsson